

148. löggjafarþing 2017–2018.
Þingskjal 53 — 5. mál.
2. umræða.

Nefndarálit

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997, með síðari breytingum (hættumat eldgosa, vatnsflóða og sjávarflóða).

Frá umhverfis- og samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Laufeyju Helgu Guðmundsdóttur og Hafstein Pálsson frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti og Sigrúnu Karlsdóttur frá Veðurstofu Íslands. Nefndinni barst umsögn um málið frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Tilgangur frumvarpsins er að framlengja gildistíma bráðabirgðaákvæðis II í lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997, sem heimilar notkun fjár úr ofanflóðasjóði til að taka þátt í greiðslu kostnaðar við hættumat vegna eldgosa, vatnsflóða og sjávarflóða. Núverandi heimild rennur út 31. desember 2017 en með frumvarpinu er lagt til að hún verði framlengd til 31. desember 2022.

Nefndin styður og sýnir skilning mikilvægi þeirra verkefna sem kostuð hafa verið eftir þeirri heimild sem hér stendur til að framlengja. Þó vill nefndin einnig benda á mikilvægi þeirra verkefna sem ofanflóðasjóði er ætlað að sinna lögum samkvæmt og leggur áherslu á að þau verkefni sitji ekki á hakanum vegna þessarar heimildar heldur verði fjárheimildum sjóðsins ráðstafað þannig að framgangur fyrrgreindra verkefna sé tryggður.

Að framansögðu virtu leggur nefndin til að málið verði **samþykkt óbreytt**.

Alþingi, 18. desember 2017.

Bergþór Ólason,
form., frsm.

Ari Trausti Guðmundsson.

Hanna Katrín Friðriksson.

Helga Vala Helgadóttir.

Jón Gunnarsson.

Karl Gauti Hjaltason.

Líneik Anna Sævarsdóttir.

Rósa Björk Brynjólfsdóttir.

Vilhjálmur Árnason.